

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra um frest til að skila umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2017.

1. Frestur til að skila umsóknum um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2017, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1168/2016, er til 3. apríl nk. vegna manna, en til 31. maí 2017 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið sendar rafrænt á netfangið umsoknir@rsk.is fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skatt- eða gjaldstofnar vegna tekjuársins 2016 séu a.m.k. 25% lægri en þeir stofnar sem fyrirframgreiðslan ákvarðast af, þ.e. tekjuárið 2015, og að álögð gjöld 2017 muni af þeim sökum að lágmarki verða 50.000 kr. lægri en við álagningu 2016.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun á fyrirframgreiðslu með framlagningu skattframtals 2017 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2017 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Vakin er athygli á því að heimilt er að óska eftir endurupptöku á ákvörðun ríkisskattstjóra innan þriggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1168/2016 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 28. desember 2016.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2017